

- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvara er um hönd höfð.
- e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrir-mælum, er heilbrigðisnefnd setur.

## 3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skál hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti, Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

## 4. gr.

Ofangreind samþykki bæjarstjórnar Njarðvíkur staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. september 1976.*

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða á Akureyri:

1. Umferð um Furuvelli skal víkja fyrir umferð um Hvannavelli (biðskylda).
2. Umferð frá Stórholti og Langholti skal víkja fyrir umferð um ónefnda götu, sem tengir Hórgárbraut við Krossanesbraut. Umferð um þessa nafnlausu götu skal víkja fyrir umferð á Skarðshlíð.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Tryggvabraut frá Glerárgötu að Hjalteyrargötu.
4. Bifreiðastöður eru bannaðar á Þórunnarstræti frá Munkaþverárstræti að Glerárgötu.
5. Framúrakstur er bannaður á Skipagötu frá Kaupvangsstræti og norður fyrir verslunarhús Kjarna.
6. Bifreiðastöður eru bannaðar á 30 m kafla til norðurs frá gangbrautinni við Hafnarstræti 20.

*Bæjarfógetinn á Akureyri, 12. ágúst 1976.*

Ófeigur Eiríksson.